

M-49/2011. Álit 24. janúar 2012.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 24. janúar 2012 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-49/2011.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 28. apríl sl. bað X, hér eftir nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir nefnd seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst þess að seljandi taki á sig viðgerðarkostnað.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. hinn 3. ágúst sl., var álitsbeiðandi beðinn um að skýra kröfugerð sína svo kæruneftndin gæti gefið efnislegt álit í málinu. Álitsbeiðandi brást skjótt við og svaraði nefndinni tveimur dögum síðar.

Með bréfi, dags. hinn 8. ágúst sl., voru viðbótarupplýsingarnar sendar seljanda og honum á ný gefinn tveggja vikna frestur til að hafa uppi andmæli við álitsbeiðni. Þann 11. ágúst bárust nefndinni andsvör seljanda í málinu. Hinn 16. ágúst voru andsvör seljanda send til álitsbeiðanda og um leið bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna andvaranna. Álitsbeiðandi sendi nefndinni athugasemdir hinn 23. ágúst 2011.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina xx-000, Skoda Octavia árgerð 2004, af seljanda hinn 15. apríl 2011 fyrir kr. 750 þúsund. Ásett verð var 899 þúsund en kaupandi tók að sér að borga kostnað vegna tímareimarskipta sem var fyrirsjáanlegur.

Þegar aðilar málsins mæltu sér mót tók álitsbeiðandi eftir stórrí rispu sem var bæði á fram- og afturstuðara bifreiðarinnar. Aðspurð sagði seljandi að bifreiðin hefði ekki lent í tjóni og að hún vissi ekki hvernig rispurnar væri til komnar.

Álitsbeiðandi segist hafa reynsluekið bifreiðina og veitt því athygli að kúplingin tæki nokkuð ofarlega. Hún hafi hins vegar talið að sú tilfinning stafaði af því að hún væri óvön bílnum og hefði að undanfögnu ekið um á sjálfskiptum bíl. Eftir að gengið var frá samningnum ók eiginmaður álitsbeiðanda bifreiðina heim og fannst kúplingin taka mjög ofarlega.

Fljótlega eftir að kaupin áttu sér stað, eða hinn 19. apríl, fór álitsbeiðandi með bifreiðina á verkstæði til að láta skipta um tímareim. Þar tók það verkstæðismenn eina og hálf klukkustund að opna vélarlok bifreiðarinnar þar sem það var skakkt. Þegar það tókst að opna vélarlokið tóku viðgerðarmennirnir eftir því að bifreiðin hefði lent í tjóni að framan, enda væru ljós og festingar á ljósum brotin. Álitsbeiðandi kveðst hafa hringt í seljanda og borið þetta undir hana og hún hafi þá viðurkennt að bifreiðin hafi runnið á vegg.

Álitsbeiðandi fór síðar og lét kíkja á bifreiðina til að kanna hvort eitthvað meira væri yfirvofandi vegna ástands bifreiðarinnar. Eftir skoðunina fékk álitsbeiðandi staðfest að kúplingin væri orðin mjög léleg, auk þess sem spyrnur væru farnar. Álitsbeiðandi kveðst hafa sent seljanda tölvupóst með sundurliðuðum upplýsingum um hvað þyrfti að gera við bílinn og að kostnaður við viðgerðir væri í kringum 135 þúsund krónur. Álitsbeiðandi segir ekkert svar hafa borist strax frá seljanda en eftir ítrekun hafi komið svar þess eðlis að seljandi ætlaði ekki að svara fyrr en hún væri búin að fara yfir réttarstöðu sína með lögræðingi.

Álitsbeiðandi er þeirrar skoðunar að seljandi hafi verið að losa sig við bifreiðina til að þurfa ekki að leggja út fyrir kostnaði vegna nauðsynlegra viðgerða. Auk þess hafi hún logið til um ástand bílsins og ekið honum ótæpilega, um 2000 km, meðan álitsbeiðandi útvegaði sér fjármagni fyrir kaupunum. Seljandi hafi svo hóttað strax að „athuga sinn rétt og lögfræðingi“ þegar hún var beðin um þátttöku í viðgerðarkostnaði. Álitsbeiðandi segist í uppnámi vegna framkomu seljanda í málinu og trúir ekki að seljandi komist upp með slíkt.

IV

Andsvör seljanda

Seljandi byggir á því að vísa beri álitsbeiðni frá kærunefndinni á grundvelli 2. mgr. 7. gr. reglugerðar 766/2006, en seljandi segir kröfu álitsbeiðanda um að seljandi taki þátt í kostnaði „bæði óljóst og óskýr með tilliti til aldurs söluhlutar“.

Seljandi vísar í skriflegan kaupsamning sem aðilar gerðu sín á milli. Þar kemur fram að álitsbeiðandi hafi undirritað ákvæði sem segir að seljandi hafi vakið athygli kaupanda á þeim rétti sínum að láta óháðan aðila meta ástand ökutækis. Í kaupsamningnum segir einnig að seljandi kunni að vera ábyrgur vegna galla samkvæmt almennum reglum og þá er sérstaklega bent á skoðunarskyldu kaupanda. Ennfremur segir í samningnum að ökutæki seljist í núverandi ástandi sem kaupandi hafi kynnt sér og sættir sig við.

Seljandi bendir á c-lið 1. mgr. 19. gr. og 2. mgr. 20. gr. lausafjárkaupalaga máli sínu til stuðnings og byggir einnig á því að um 7 ára gamla bifreið væri að ræða sem kaupandi hafi mátt vita að væri ekki í fullkomnu ásigkomulagi. Hafnar seljandi því að hafa leynt kaupanda einhverju um ástand bifreiðarinnar.

Seljandi hafnar kröfum álitsbeiðanda um að taka þátt í viðgerðarkostnaði, enda telur seljandi sig hafa staðið að viðskiptunum af heilindum og í góðri trú. Bifreiðin hafi verið seld í því ástandi sem hún var og vænta má af bifreið á þessum aldri. Seljandi hafnar alfarið „dylgjum“ sem lúta að grendsemi hennar.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Álitsbeiðandi telur að seljandi hafi ekki staðið að viðskiptunum af heilindum og í góðri trú. Álitsbeiðandi metur það svo að seljandi hafi leynt sig upplýsingum og selt sér bifreið í slæmu ásigkomulagi. Álitsbeiðandi telur seljanda ekki hafa komið heiðarlega fram við viðskiptin.

Álitsbeiðandi segir strax hafa komið í ljós, þegar hún fór með bifreiðina á verkstæði til að skipta um tímareim, að sitthvað var að bílnum sem álitsbeiðandi sem leikmaður hafði ekki komið auga á áður.

Álitsbeiðandi segir framkomu seljanda í málinu ömurlega og bifvélavirkinn sé búinn að skamma sig fyrir að kaupa þennan bíl, því þetta hafi því miður verið „kaupin í sekknum“.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur málsaðila fellur undir lög um lausafjárkaup nr. 50/2000 (Ikpl), sbr. 1. mgr. 1. gr. þeirra laga.

Ekki verður fallist á með seljanda að kröfur álitsbeiðanda séu svo óskýrar að vísa beri málinu frá kærunefndinni. Nefndin telur liggja nægilega ljóst fyrir hverjar kröfurnar eru og tekur málið því til hefðbundinnar efnismeðferðar.

Í málinu liggur fyrir skriflegur kaupsamningur sem aðilar gerðu sín á milli þegar kaupin áttu sér stað. Samningurinn er undirritaður bæði af seljanda og kaupanda og vottaður af tveimur aðilum. Þá staðfestir álitsbeiðandi sérstaklega í samningnum með undirritun sinni að seljandi hafi vakið athygli hennar á rétti sínum að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins.

Samkvæmt kaupsamningnum var bifreiðin seld í því ástandi sem hún var í á kaupdegi sem kaupandi hafi kynnt sér og sætt sig við. Í 19. gr. 1kpl. er fjallað um tilvik þar sem söluhlutur er seldur „í því ástandi sem hann er“. Í ákvæðinu er talið upp í þremur stafliðum að við tilteknar aðstæður geti söluhlutur engu að síður verið gallaður í skilningi laganna þrátt fyrir að vera „seldur í því ástandi sem hann er“.

Í 20. gr. laganna er fjallað um rannsóknarskyldu kaupanda. Þar segir í 1. mgr. að kaupandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. 2. mgr. 20. gr. er hljóðar svo með eftirfarandi hætti:

Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heidarleika og góðri trú.

Samkvæmt gögnum málsins veitti seljandi athygli kaupanda á rétti sínum til að láta óháðan aðila skoða ástand bifreiðarinnar. Það er álit kærunevndarinnar að rannsókn kaupanda á bifreiðinni hafi verið áfátt og að auðvelt hefði verið að afla frekari upplýsinga um nánara ástandi bílsins. Álitsbeiðandi segir í álitsbeiðni að hún hafi tekið eftir stórri rispu bæði að framan og aftan á bílnum, auk þess sem henni hafi þótt kúpling taka ofarlega. Kærunevndin telur að álitsbeiðandi hafi haft sérstakt tilefni til að kanna ástand bifreiðarinnar nánar þar sem vísbendingar voru til staðar um ákveðna hnökra. Sú staðreynd ein að verkstæðið hafi átt í erfiðleikum með að opna vélarlokið rennir frekari stoðum undir að með lítilli fyrirhöfn hefði verið hægt að fá upplýsingar um raunverulegt ásigkomulag bifreiðarinnar. Kærunevndin telur að álitsbeiðandi hafi látið undir höfuð leggjast að rannsaka bifreiðina nægilega vel í aðdraganda kaupanna, en bendir einnig á að almennt sé ekki hægt að búast við að sjö ára gamlar bifreiðir séu í fullkomnu ástandi. Þar sem kærunevndin telur að álitsbeiðandi hefði getað komist að ástandi bifreiðarinnar með viðeigandi rannsókn er það niðurstaða nefndarinnar að ekki stoði fyrir álitsbeiðanda að bera fyrir sig galla í málinu.

Með framangreindum rökum verður ekki fallist á með álitsbeiðanda að seljanda beri að taka þátt í viðgerðarkostnaði bifreiðarinnar xx-000.

VI

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda er hafnað.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir